



Rvk. 26.október 2017

Sent til:

Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra  
Óttars Proppé, heilbrigðisráðherra

Samþykkt á aðalfundi hjúkrunarráðs Landspítala  
25. október 2017

**Aðalfundur hjúkrunarráðs Landspítala skorar á stjórnvöld að rifta niðurstöðu gerðardóms frá 2015.**

Kjaradeila hjúkrunarfræðinga og ríkisins árið 2015 endaði með gerðardómi í ágúst sama ár en ekki með kjarasamningi. Í ljósi alvarlegs skorts á hjúkrunarfræðingum í heilbrigðiskerfinu á Íslandi skorar Hjúkrunarráð Landspítala á ríkisstjórn að nýta endurskoðunarákvæði gerðardóms og rifta niðurstöðu hans. Það er sannfæring ráðsins að framgangur kjaradeilunnar, skilningsleysi stjórnvalda og gerðardómurinn hafi valdið miklum atgervisflótta hjúkrunarfræðinga úr störfum í heilbrigðiskerfinu. Traust hefur farið forgörðum og verður ekki byggt upp aftur nema með róttækum aðgerðum. Brýn þörf er á að endurheimta hjúkrunarfræðinga sem horfið hafa til annarra starfa.

Gerðardómurinn er bundinn til ársins 2019. Hjúkrunarráð Landspítala skorar á heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra að nýta endurskoðunarákvæðið til að hnekkja honum.

Með kveðju,

Guðríður Kristín Þórðardóttir

Formaður hjúkrunarráðs Landspítalans

Afrit sent til:

Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítala

Sigríðar Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar Landspítala

Ástu Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra mannauðssviðs Landspítala

Guðbjargar Pálsdóttur, formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga